

Íslenskar jazzplötur:

## Viðar kominn, Bob og Ormslev eru á leiðinni

Viðar spilar...

Það ber að fagna hverri íslenskri hljómplötu þar sem á



Jazz

eftir Vernharð Linnét

má finna djass. Þær eru ekki margar fyrir og fáar bætast í hópinn.

Fyrir nokkru gaf sá ágæti málmblásari Viðar Alfreðsson út eina slíka og hafi hann þókk fyrir framtíð. Efnid er tvi-

vegar léttur ljúflingsdjass þar sem Litla jazzbandið leikur.

Það er breski útsetjarinn Bob Leaper sem ofið hefur strengjatjóldin að baki málmþyts Viðars og þykja mér verkin heldur leið nema gamli slagarinn hans Walter Donaldssons: Making Woopie. Þar þenur Viðar túbuna léttilega og má með sanni segja að öll leiki gjöllin létt við varir hans.

Litla jazzbandið er skipað valinkunnum sómamönnum: Guðmundunum (Ingólfssyni & Steingrímssyni), Arna Scheving auk Viðars. Í Lansalaginu Be My Love og Wondersöngnum For Once In My Life eru trompetinn og flýgilhornið heldur gjallandi fyrir minn hatt, en það er oft kraftur í blástrinum þó að heitar blási Viðar oft á djasskvöldum. Vala eftir Viðar er ljúft lag (með armstrongskri Someday ivitun) og þar er takkatrombónan á lofti, síðan er skipt yfir á valdhornið og oft hefur Three yljáð djassgeggjurum og gerir enn. Sjóvinu lýkur á Misty Errolls Garners og er Ingólfsson þar á slóðum John Lewis frekar en höfundar. Ryðminn er dálítið daufur og sólóarnir kraftlitir á stundum miðað við það sem við eigum að venjast frá hendi þessara djassleikara in person, en platan er ljúf og rennur létt.

### Hljóðritanir Ormslevs óskast

Jazzvakning er á fullu í plötu-útgáfunni og um mánaðamótin ágúst-september kemur út platan með Bob Magnússyni, Viðari Alfreðssyni, Rúnari Georgssyni, Guðmundi Ingólfssyni og Guðmundi Steingrímssyni, sem



Gunnar Ormslev — lýst eftir hljóðritunum með leik hans.

margir hafa beðið eftir. Hún var hljóðrituð á Hótel Sögu í september 1980 og eru á henni fimm verk.

Þegar Gunnar Ormslev féll frá fóru vinir hans og aðdáendur fljótt að velta fyrir sér að reisa honum og íslenskum djassi bautastein og gefa út hljómplötu, sem hefði að geyma bestu verk hans sem varðveist hafa hljóðrituð. Plata þessi yrði um leið yfirlit yfir íslenska djass sögu, því fát er til hljóðritað af Íslandsdjassi sem gjaldgengt er, þarsem Gunnar Ormslev blæs ekki í saxafóninn.

Innan Jazzvakningar hefur þegar verið unnið mikið undir-

búningsstarf til þess að af þessu megi verða og víða leitað fanga, í Danmörku, Svíþjóð, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum. Mestur hluti fjársjóðsins hlýtur þó að leynast hér heima. Því vil ég skora á alla þá sem hafa undir höndum hljóðritanir með Gunnari Ormslev að hafa samband við undirritaðan símeiðis (Vernharður Linnét, sími: 91-71719) eða skrifa til: Jazzvakningar, pósthólf 31, 121 Reykjavík. Takist að safna öllu því sem til er með Gunnari Ormslev, er vist að með útgáfunni verður minningu þessa stórmeistara Íslandsdjassins sýndur sá sómi sem vit er.



Viðar Alfreðs — ljúf plata og rennur létt



Sýning Hafsteins á Kjarvalsstöðum: Besta sýning hans sem ég hef augum barið, segir Halldór Björn m.a. í umsögn sinni.

## Hafsteinn Austmann á Kjarvalsstöðum

Vestursalur Kjarvalsstaða skartar nú málverkum eftir á síðan Hafsteinn hélt sína fyrstu einkasýningu, í Lista-



Myndlist

eftir Halldór Björn Rundólfsson

Hafstein Austmann. Ollumálverk eru 48 að tölu, en vatnslitamyndirnar 32. Það eru liðin 25

mannskálanum 1956. Síðan hefur hann sýnt jafnt og þétt og er þetta 11. einkasýning hans.

Þá hefur Hafsteinn tekið þátt í fjölmörgum samsýningum, einkum á Norðurlöndum og á meginlandi Evrópu. Má nefna sem dæmi, þrjár sýningar í París, „Salon de Réalités Nouvelles“, 1955 og „Biennale de Paris“, 1961 og 1963, í Stokkholmi, „Hasselby slot“, 1965 og „Edinburghs festival“, 1967. Á árunum 1968-69, vann Hafsteinn með hópi danskra málara frá Arósum og sýndu þeir vilt og breitt um Danmörku. Myndir hans prýða söfn, beggja vegna

hafs.

Hafsteinn Austmann hefur gegnum feril sinn, ávallt málað í svipuðum anda. Eins og hann hefur sjálfur bent á, er þróunin hæg. En hún er engu að síður markviss, þótt engin stórstökk finnist í verkum hans. Hafsteinn er og hefur verið undir sterkum áhrifum frá Parísar-skólanum, eins og sá skóli þróaðist eftir lok styrjaldarinnar. Sú helför varð franskri list mikil blóðtaka. Segja má að áhrifamestu listamenn millistríðsáranna, hafi flestir flúið vestur um haf. Eftir sátu einungis þeir sem voru of lasburða til að flýja (Matisse), eða voru of stór biti fyrir fasismann að kyngja (Picasso, Braque). Það var því ljóst eftir stríð, að orðin voru pólskipti í listaheiminum. Þrátt fyrir ágæt tilbrif, tókst mönnum á borð við Estève, Bazaine og Manessier, ekki að snúa hjólinu, París í hag. Vestur í New York, voru Gorky, Pollock og de Kooning, hinar vaxandi stjórnur sem yngri kynslóðin mætti upp til.

Þó hélt Parísar-skólinn undir gunnfána Kandinskys og Magnellis og kenndi sig við „Realités Nouvelles“ (nýtt raunsæi), áfram að hafa viðtæk áhrif í Evrópu. Segja má að hér á landi, hafi þessara áhrifa gætt langt fram á 7. áratuginn. Hafsteinn er nú, einhver ómengðabasti fulltrúi þessarar stefnu hérlandis, en benda má á, að flestir íslenskir abstraktmálarar eru miklu nær þessum skóla en hinum ameríska. Yfirbragðið er ljóðrænt, oft bundið við náttúrustemningar eða mystískar hugmyndir og málverkin eru minni og fágæðri en myndir Bandaríkjamanna. Í Ameríku spurðu menn að leikslökum, en í Evrópu var allt yfirvegað og uppbyggingin hugsuð „a priori“.

Því miður hef ég ekki haft tækifæri til að sjá 3 síðustu einkasýningar Hafsteins. Hitter öruggt, að þetta er besta sýning hans sem ég hef augum barið. Kannski hafa formin ekki breyst svo mikið, en aðferðirnar

eru greinilega ferskari og festu-meiri. Relief-effektar fara þverrandi og í staðinn gæfir meira öryggis í litavali og formum. Þótt hvergi deyi þetta ljóðrænt inntak myndanna, gerir þetta þær ákveðnari að öllu leyti. Skreytingu myndanna er því minna en áður, en sá var helsti ljóður á fyrri verkum Hafsteins. Mér er ekki örgrannt um að þessi vænlega þróun eigi rætur sínar að rekja til heilavænlegra áhrifa Þorvaldar og Karls Kvaran.

Þessi orð mín má ekki skilja svo, að ég telji þessi áhrif afgerandi. Til þess er Hafsteinn Austmann of persónulegur og sjálfstæður málari. En þau skerpa uppbyggingu hans og litaval, án þess að skerða nokkuð hið ljóðræna yfirbragð. Þannig verða bestu ollumálverkin mjög sannfærandi, s.s. „Vetrarkvöld“ (nr. 11), „Málverk“ (nr. 8), „Vals“ (nr. 23) og „Krabbi“ (nr. 45).

Þó er eftir að telja, „rjóma“ þessarar sýningar: Vatnslitamyndirnar (nr. 49-80). Í þeim er að finna margan lykilað frekari útfærslu í öllu, þótt umfram allt séu þetta algerlega sjálfstæðar myndir. Hér sér maður betur en nokkurs staðar í öðrum verkum hans, „málarann“ Hafstein Austmann. Sem heild eru þessar myndir, mjög frjállega málaðar. Það getur reynst erfitt að benda á einstakar myndir sem skara framúr. Þó eru myndir á borð við „Ljósbrót á vatni“ (49), „Flug“ (58), „Skyjaslæður“ (65), en einkum þó „Kvöld“ (73), sem telja verður fremstar meðal jafn-ingja.

Það væri óneitanlega gaman, ef Hafsteinn tæki frekara mið af þessum smáu en góðu myndum og notaði jafn frjálsa og óbeislada tækni í stærri verkum sínum. En kannski er það einmitt það sem þegar er tekið að gerjast á vinnustofu Hafsteins Austmanns. Alla vega hefur maður á tilfinningunni, að nýjar hugmyndir séu farnar að gerast nokkuð áleitnar á þessari ágætu sýningu.